

Fundarnúmer:	99
Dagsetning:	30.04.2008
Tími:	16:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

99. Fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl 2008 kl. 16:00 kom fræðsluráð Húnaþings vestra saman til 99.fundar í fundarsal ráðhúss. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra Tónlistarskólans.
2. Viðræður við leikskólastjóra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir tónlistarskólastjóri ræddi mál skólans. Á vorönn 2008 eru 109 nemenda ígildi. 6 nemendur á leikskólaaldri, 11 nemendur eldri en 18 ára, 7 nemendur eru í tvöföldu námi og 1 í þreföldu. Nemendaígildi eru 92 á grunnskólaaldri. Tilkynnti hún að Guðmundur Hólmar Jónsson kæmi ekki til starfa nk. vetur. Daníel Geir Sigurðsson kom í hans stað í haust og mun kenna 1 dag í viku næsta vetur. Þakkar fræðsluráð Guðmundi vel unnin störf. Elínborg óskar að fræðsluráð móti ályktun um að Húnaþing vestra greiði niður tónlistarnám nemenda sem halda áfram tónlistarnámi samfara öðru framhaldsnámi og benti hún á reglur Borgarbyggðar sem dæmi.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir kynnti drög að námsskrá leikskólans Ásgarðs. Nær hún yfir umhverfi, starfsmenn, dagleg störf o.fl. Urðu stuttar umræður um prestatíma í leikskólanum. Einnig kynnti Guðrún drög að skóladagatali Ásgarðs fyrir 2008-2009. Ína Björk kynnti nýja stjórn foreldrafélags leikskólans, en þau eru : Hörður Gylfason formaður, Ína Björk Ársælsdóttir gjaldkeri, Katrín Ósk Guðmannsdóttir ritari, Ragnheiður Sveinsdóttir og Sigurður Björn Gunnlaugsson meðstjórnendur. Eins voru rædd mismunandi sjónarmið í kjölfar umræðu sem kom upp á aðalfundi foreldrafélagsins um sumarlokun leikskólans.
3. Guðmundur Ísfeld vakti athygli á starfi Blátt áfram sem eru með forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og hvort ekki væri gott að fá fyrirlestur í grunnskólann.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:45.

Gísli Már Arnarson(sign.), Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.), Guðrún Elín Benónýsdóttir(sign.),
Guðmundur Ísfeld(sign.).